

Auglýsing um náttúruvætti í Grábrókargígum.

Samkvæmt heimild í 22. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Grábrókargíga í Norðurárdal náttúruvætti.

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:*

- (1) Frá þjóðvegi fylgja mörkin lóðarmörkum Hreðavatnsskála að norðurhorni lóðarinnar.
- (2) Þaðan hugsast dregin bein lína að rótum Grábrókarfells við veg þar sem lengst nær til suðvesturs.
- (3) Þaðan með vegi og síðan vatnsleiðslu Bifrastar að hraunjaðri.
- (4) Með hraunjaðrinum að rótum Grábrókarfells og síðan með fellsrótum þangað sem þær ná lengst í norðaustur.
- (5) Þaðan sjónhending í miðja Gömlurétt og fylgir réttin friðlýsta svæðinu.
- (6) Úr Gömlurétt bein lína að vegi við rætur Litlu - Grábrókar og loks
- (7) með núverandi þjóðvegi að suðurhorni lóðar Hreðavatnsskála.

*Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:*

1. Efnistaka, jarðrask og hvers konar breyting á landslagi er bannað nema í samráði við [Umhverfisstofnun]. Um nýtingu svæðisins fer að öðru leyti eftir samningi [Náttúruvernd ríkisins] við eigendur Brekku frá 25. ágúst 1962.
2. Gangandi fólki er heimil för um hið friðlýsta svæði enda sé fylgt merktum slóðum og snyrtimennsku gætt í hvívetna.
3. Tjalddvöl er háð leyfi.
4. Akstur á hinu friðlýsta svæði er aðeins heimill með leyfi [Umhverfisstofnunar] og landeigenda. Akstur utan vegar og merktra slóða er bannaður.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um friðun svæðisins.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson

---

Knútur Hallsson